

## M-36/2012 Álit 30. ágúst 2012

### Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. ágúst 2012 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-36/2012:

#### I

Hinn 5. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna þjónustu sem hún keypti af fyrirtækinu Y, hér eftir einnig nefndur seljandi.

Með bréfi, dags. 7. júní gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 21. júní. Hinn 19. júní barst kærunefndinni bréf frá lögmanni seljanda þar sem fram kom að seljandi hefði höfðað dómsmál gegn álitsbeiðanda vegna þess ágreinings sem álitsbeiðandi hafði beðið kærunefndina um álit á. Þá kom fram að framangreint dómsmál yrði þingfest 4. september nk.

Í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa segir eftirfarandi: „Nefndin vísar máli frá hafi dómur þegar fallið í því eða það er til meðferðar dómstóla eða gerðardóms.“ Þetta reglugerðarákvæði verður að skilja sem svo að kærunefndinni beri að vísa álitsbeiðni frá hafi dómsmál verið höfðað um sama ágreiningsefni og álitsbeiðni nær til, en svo er í þessu tilviki. Verður af þessum sökum að vísa frá kærunefndinni álitsbeiðni X.

#### II

#### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir

---

Lárus M.K. Ólafsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir